



Mál nr. S-159/2023 - Auðlindin okkar - sjálfbær sjávarútvegur

Niðurstöður samráðs.

Þann 29. ágúst 2023 voru birtar lokaniðurstöður starfshópa Auðlindarinnar okkar. Lokaniðurstöðurnar voru settar fram í þremur ritum:

- Rit 1 - Skýrsla - Auðlindin okkar - sjálfbær sjávarútvegur.
- Rit 2 - Könnun um viðhorf Íslendinga til sjávarútvegs.
- Rit 3 - Tæpitungulaust - ábendingar sem komið hafa fram hjá almenningi, sérfræðingum og hagaðilum í gegnum samráð verkefnisins.

Veittur var frestur til og með 28. september 2023 til að skila umsögnum, athugasemdum og ábendingum um lokaniðurstöðurnar.

Fimmtán umsagnir bárust og þakkar ráðuneytið þeim sem sendu inn umsagnir fyrir þeirra framlag. Í umsögnunum var bent á ýmsa þætti sem útfæra mætti með nánari hætti og var litið til þeirra umsagna við samningu þingsályktunar um sjávarútvegsstefnu og frumvarps til laga.